

Íslendingasögurnar

Lota 4




Hvað eru Íslendingasögur?

- Eldgamlar sögur sem varðveittar eru í lúnum, slitnum skinnbókum.
- Þær eru samt sem áður einhver merkasta eign íslensku þjóðarinnar.
- Þær fjalla um lífið á Íslandi þegar norrænir víkingar voru nýbúnir að finna landið og setjast hér að.
- Sögurnar eru þó skrifaðar um 300 árum síðar.

- Þegar sögurnar voru skrifaðar voru blóðugir bardagar á landinu.
- Samt fundu einhverjir óþekktir höfundar næði til að skrifa og búa til bækur.
- Það þykir mjög merkilegt að bækurnar séu skrifaðar á íslensku því flestir í löndunum í kringum okkur skrifuðu á latínu.





Höfundar Íslendingasagna

- Höfundar sagnanna eru óþekktir.
- Margir halda að það sé vegna þess að áður en sögurnar voru skrifaðar gengu þær manna á milli munnlega og því voru þeir sem skrifuðu þær kannski í raun ekki höfundar þeirra.
- Sumir halda að einn höfundur sé að hverri sögu en enginn veit af hverju þeir ákváðu að halda nafni sínu leyndu.

Íslendingasögur



- Fyrstu Íslendingasögurnar voru líklega skrifaðar um 1200 en þær síðustu um 1350.
- Sögurnar eru aðeins varðveittar í eftirritum, ekkert handrit er varðveitt sem gæti verið frumrit.
- Þeir sem skrifuðu Íslendingasögurnar skrifuðu nafnið sitt ekki undir og því vitum við ekki hverjir höfundarnir eru.

Efni Íslendingasagna

- Íslendingasögurnar fjalla um Íslendinga og gerast að mestu leyti á Íslandi.
- Flestar Íslendingasögurnar eru nefndar eftir aðalpersónunum, t.d. Brennu - Njáls saga og Egils saga.
- Sögurnar hafa þó margar fengið „gælunöfn“, s.s. Njála og Egla.



Um hvað eru Íslendingasögurnar?

- Sögurnar fjalla um fólk sem bjó á Íslandi skömmu eftir að landnámsmennirnir settust hér að.
- Söguhetjurnar eru víkingar en fyrst og fremst bændur því á víkingaöld bjuggu allir Íslendingar í sveit.
- Bændurnir áttu flestir vopn og voru tilbúnir að nota þau.
- Hefndarskylda var á þessum tíma á Íslandi og því mikið af bardögum.
- Íslendingasögurnar fjalla því í raun um bændur sem berjast.

Eru þetta sannar sögur?

- Höfundar sagnanna voru að reyna að líkja eftir raunveruleikanum.
- Oft er líka fjallað um fólk sem vitað er að var uppi á víkingaöld.
- Margt í sögunum er þó augljóslega skáldskapur.
- Best er að orða það svo að Íslendingasögurnar séu sambland skáldskapar og raunverulegra atburða.

Hvernig verður þá svona saga til?

- Við getum ímyndað okkur að á víkingaöld hafi orðið bardagi sem allir í sveitinni fylgdust með. Fólk sagði sögur af þessum bardaga heima hjá sér og þegar börnin sem hlustuðu á sögurnar urðu fullorðin sögðu þau sínum börnum frá. Seinna sögðu þau svo sínum börnum söguna og svo koll af kolli. Í hvert sinn sem sagan var sögð breyttist hún svolítið en mikilvægustu þættirnir héldust, til dæmis nöfn manna sem börðust og úrslitin í bardaganum. Þannig gekk sagan milli manna eins og ævintýri þar til einhver skrifaði hana niður.



Bókagerð á miðöldum

- Það var bæði seinlegt og dýrt að búa til bækur á 13. og 14. öld.
- Allan texta þurfti að handskrifa með heimatilbúnu bleki úr sortulyngi og penna sem var bara fjöður.
- Blaðsíðurnar voru úr kálfskinni og í langa, mikla bók eins og Njálu þurfti skinn af mörgum kálfum.
- Skinnið var dýrt og því þurfti að vanda skriftina, nýta allar blaðsíðurnar og nota alls kyns skammstafanir.

Bókagerð á miðöldum

- Oft voru margar sögur ritaðar í eina bók.
- Bækur voru dýrar og Íslendingasögurnar voru ekki til á hverju heimili.
- Sá sem vildi eignast eintak af einhverri af sögunum þurfti að skrifa hana upp sjálfur eða ráða einhvern til að gera það.
- Þess vegna gefur fjöldi varðveittra handrita vísbendingar um vinsældir þeirra. Njála hefur líklega verið mjög vinsæl því fundist hafa flest handrit af henni, eða um 60 og því líklega verið til um nokkur hundruð eintök á miðöldum.

Handritin

- Núna hrósum við happi yfir því að höfundar sagnanna hafi þurft að nota skinn í bækurnar.
- Skinn varðveitist nefnilega mun betur en pappír.
- Samt sem áður hefur bara lítill hluti handrita varðveist
 - Sum voru geymd í vætu
 - Önnur notuð í skó
 - Einhver voru jafnvel borðuð





Handritin

- Handritin sem varðveittust eru því afar þýðingarmikil og einhver dýrmætasta eign íslensku þjóðarinnar.
- Handritin eru varðveitt hjá Árnastofnun.

Karlar í Íslendingasögnum

- Aðalpersónur Íslendingasagnanna eru karlar.
- Þeir eru ólíkir:
 - Sumir eru gamaldags víkingar, ruddalegir, skapstyggi og grimmir.
 - Aðrir eru glæsilegir, myndarlegir og kurteisir.
- Karlarnir í aðalhlutverkum eru ríkir, völdugir og vinsælir.



Karlar í Íslendingasögnum

- Margir frægir kappar í sögnum hljóta hetjuleg örlög.
- Þeir berjast fyrir lífi sínu, særast illa og falla að lokum.
- Aðrir berjast af hörku en halda lífi.
- Enn aðrir gegna hlutverki sem ráðgjafar eða spámenn og sjást sjaldan eða aldrei beita vopnum.

Konur í Íslendingasögnum

- Konurnar í sögunum eru gjarnan skapmiklar og sjálfstæðar og reiðubúnar að ganga langt til að verja heiður fjölskyldu sinnar.
- Konur eru sjaldan í aðalhlutverki.
- Konur gegna þó veigamiklu hlutverki í mörgum Íslendingasögum og stýra því oft hvaða stefnu málin taka.



Konur í Íslendingasögnum



- Konurnar vilja blóðhefnd og beita ýmsum aðferðum til að hvetja karlmennina í kringum sig til hefnda.
- Þær varðveita blóðug föt og vopn til að minna á hinn látna og æsa menn upp í því að drepa í hefndarskyni.
- Konurnar, sem mest er sagt frá, eru ríkar og virðulegar en fátækari konur fá þó oft mikilvæg hlutverk.

Börn í Íslendingasögnum

- Það eru ekki mörg börn í aðalhlutverki í sögnum en þau koma þó víða við sögu.
- Sögurnar gefa því merkilega mynd af lífi barna á víkingaöld.
- Oftast er sagt frá börnum á aldrinum 10 - 12 ára en á þeim aldri voru börn farin að fylgja foreldrum sínum til að læra til verka af þeim.
- Stelpurnar hjálpuðu mömmu sinni í eldhúsinu en strákarirnir fóru með pabba sínum að sinna skepnunum og til bardaga.

Börn í Íslendingasögunum

- Unglingar töldust fullorðnir þegar þeir voru 16 ára en krakkar sem voru bráðþroska gátu talist fullorðnir 12 ára.
- Ýmis dæmi eru um það í sögunum að svo ungir strákar þurfi að bera vopn og hefna.
- Að sama skapi þurfa ungar stúlkur að giftast þó þær séu bara 14 ára. Stelpur réðu nefnilega ekki sjálfar hverjum þær giftust, það voru feðurnir sem ákváðu það.

